



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

## Fundargerð 60. fundar skólanefndar.

**Dagsetning: þriðjudagur 29. janúar 2013.**

**Viðstaddir:** Kjartan Páll Einarsson (formaður), Jón Eggert Bragason, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Helga Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Benedikt Óskarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Einhverjar breytingar eru í vændum á skipan skólanefndar en skipunartími hennar er liðinn. Núverandi formaður gefur ekki kost á sér áfram.

### Dagskrá:

1. *Drög að ársreikningi 2012.* Fjármálastjóri kynnti drög að ársreikningi 2012. Drögin gera ráð fyrir halla upp á 960 þús.kr. á árinu 2012. Fjölbrotaskóli Snæfellinga náði ekki ársnemendafjölda á árinu 2012 og var skorin niður um 2,2 m.kr. vegna þess. Búið er að ganga býsna nærri stofnuninni í sparnaði og telur skólameistari að ekki sé hægt að ganga lengra. Ársnemendur árið 2012 voru 196 en gert var ráð fyrir 210 nemendum í fjárveitingum ársins.
2. *Starfsmannamál FSN á vorönn 2013.* Birna Gunnlaugsdóttir hætti sem dönsku- og félagsgreinakennari milli anna. Haukur Örn Davíðsson hefur verið ráðinn sem félagsgreinakennari á vorönn 2013. Ekki tókst að ráða kennara til þess að kenna dönsku og því er ekki kennd danska á vorönn 2013. Miklar breytingar eru fyrirsjáanlegar á starfsmannahópi FSN fyrir komandi haustönn vegna fæðingarorlofa og kennsluorlofs og ljóst er að auglýsa þarf eftir, allt að 4-5 starfsmönnum í mismunandi stöðuhlutföllum. Spurning hvort hægt sé að auglýsa lausar stöður á Snæfellsnesi í stærri pakka en eingöngu FSN. Hægt væri að auglýsa með grunnskólunum og öðrum fyrirtækjum á svæðinu eftir starfsfólki og búa þannig til bitastæðari auglýsingu.
3. *Nemendafjöldi vorið 2013.* Skólameistari kynnti nemendafjölda og ársnemendafjölda vorið 2013. Áætlaður fjöldi ársnemenda vorönn 2013 er 184 nemendur en gert er ráð fyrir 210 nemendum í fjárveitingum á árinu 2013. Ljóst er að nokkuð erfitt mun verða að ná 210 ársnemendum á árinu 2013. Vangaveltur um hvort að skynsamlegra sé að skera niður fjárheimildir fyrirfram eða gera ráð fyrir að vera skorin niður við áramótauppgjör, en það hefur reynst hagkvæmara. Heimtur 10. bekkinga hafa verið misjafnar eftir árum. Fjölbrotaskóli Snæfellinga hefur kennt 10 bekkingum á yfirstandandi skólaári en ekki má telja þessar einingar fram til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Hvernig er hægt að kynna skólann betur fyrir nemendum og foreldrum? Nemendur hafa kynnt skólann fyrir verðandi nemendum og hefur það verið mjög flott. FSN getur gert betur í því að kynna sig og sína starfsemi í samfélaginu.



## Fjölbrotaskóli Snæfellinga

4. *Námskrárvinna.* Ekki hefur gengið eftir sú námskrárvinna sem vonast var til á haustönn 2012. Ekki verður innritað haustið 2013 samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008, í FSN eins og stefnt var að. Þá er stefnt að því að innrita eftir nýjum lögum haustið 2014. Hugmyndir Jóns um námskrárvinnu eru í stuttu máli að smíða brautalýsingar nú á vorönn og vonandi einhverjar áfangalýsingar. Reynt verður til þrautar að smíða samþætta áfanga ætluðum nýnemum fyrir skólalok. Ekki hefur gengið nógu vel að fá kennara í námskrárvinnu, en kjarabarátta kennara flækir málið. Skýr fyrirmæli eru frá félagi framhaldskólakennara um að taka ekki þátt í námskrárvinnu nema fá greitt fyrir það í yfirvinnu, gefið að viðkomandi sé í fullu starfi. Til þess að geta innritað eftir nýjum lögum þarf FSN um það bil 200 áfangalýsingar og hefur taxti annarra skóla fyrir þessa vinnu verið á bilinu 5000-8000 kr. á áfanga.
5. *Skólaakstur uppgjör 2012.* Fjármálastjóri kynnti uppgjör vegna skólaaksturs á árinu 2012. Tap vegna haustannar 2012 var tæplega 2,5 m.kr. sem var að mestu dekkjað með umsýslugjaldi frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem var 1,8 m.kr. vegna haustannar 2012. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi fengu reikning fyrir mismuninum á haustönn 2012. Tap vegna skólaaksturs á vorönn 2012 var 2 m. kr. og var umsýslugjaldið tæpar 2 m. kr. Ekki var sendur reikningur á sveitarfélögin vegna rútuaksturs á vorönn 2012. Heildarfjöldi nemenda í skólaakstri á Snæfellsnesi var 67 nemendur á vorönn 2012 en 54 á haustönn 2012. Heildarfjöldi nemenda í skólaakstri á Snæfellsnesi er 58 nemendur á vorönn 2013.
6. *Önnur mál*
  - Ólína mun ekki gefa kost á sér áfram í skólanefnd. Eftirmaður hennar úr Snæfellsbæ er Sigrún Ólafsdóttir. Ólína þakkaði fyrir samstarfið og var þakkað sömuleiðis.
  - Formaður skólanefndar Kjartan Páll Einarsson mun ekki gefa kost á sér áfram í skólanefnd. Hann þakkaði einnig fyrir gott samstarf og var honum þakkað sömuleiðis.
  - Skólameistari þakkaði skólanefndarfólki fyrir óeigingjarnt starf í þágu skólans og góð viðkygni.
  - Ákveðið að halda stærri skólanefndarfund næst þar sem fráfarandi skólanefndarfólki er boðið og tekið verður á mótí nýju nefndarfólki. Viðhafnarveitingar og myndataka fyrir heimasíðu skólans.

Fundi slitið kl. 18:20.